

Fundur 24.3.2025 Guðrún Íslensk kona var uppi á sextánda öld.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

Góða kvöldið.

Hef ég ekki komið á fund ykkar áður, en hef ég hins vegar hlustað á mörg þau samtöl sem orðið hafa við gömlu jörðina og hef ég reynt að fylgjast með tíðindum á framlífs jörð minni.

Og hefur það verið sérstaklega áhugavert að fylgjast með þróun kirkjunar og hvernig þau mál öll hafa þróast og þar sem fyrstu framlífs jarðir mínar voru staðir þar sem kirkjan hafði mikil áhrif, fannst mér það áhugavert hvort breytingar hefðu orðið hjá ykkur í þeim málum, og víðsýnni væri orðin Íslenska þjóðin og lausari undan þeim vandamálum sem voru áberandi þá, og hygg ég að svo hafi verið að nokkru leiti.

En eftir því sem orkan vex hjá mér persónulega og ég kem fram á jörðum þar sem mannfélagið er betra, finnst mér eins og ég fjarlægist meira það gamla hugarfar sem ríkti á framlífs jörð minni og vil ég gjarnan rifja upp þá ævi og tengja við þetta framlíf (framlíf).

Það er nú svo að persónuleikinn mótast eftir áföllum og velgengni í lífinu og það sem byrjaði á framlífs jörðinni heldur áfram í framlífinu og þeir aðilar sem ég treysti og þær kringumstæður sem voru fyrir hendi þegar ég yfirgaf jörðina, höfðu áhrif á mig og tel ég mig þurfa að lýsa því hvernig það var og hversu mikið óréttlætið það var, að presturinn sem hafði áhrif í mínu framlífi skildi koma við sögu í framlífi mínu einnig.

Og var það ekki fyrr en talsvert síðar sem mannfélagið breyttist svo mikið, á þeim tíma sem vísindin hófu innreið sína í þjóðfélag það sem ég var í og tilheyrði á þriðju framlífs jörð minni.

Og voru það samt ekki auðveld umskipti, þar sem sumir af þeim heittrúuðu ættingjum mínum vildu ekki sleppa takinu á trúnni, á meðan ég hafði fundið mér önnur áhugamál og nýjar sannfæringar og fór að efast kenningar trúinna.

Og það urðu deilur og komst ég þá í betra framlíf í kjölfarið, en hef ég alla tíð síðan reynt að hjálpa þeim sem fastir eru í viðjum slíkrar trúar og hef ég einnig reynt að hjálpa þeim sem ekki komu rétt fram við mig í framlífi og þessum framlífs hnöttum.

Drukkaði ég þegar presturinn, fjórða eiginkona prestsins, hét staðurinn Glæsibær og í framlífi varð hann mikill höfðingi og kom ekki vel fram við alla, en átti það eftir að hefna sín.

Og mörg atvik í því framlífi sem vert er að minnast á, en mun ekki gera að sinni, en barn það sem dó með mér fæddist á þeirri framlífs jörð og var sá maður einnig fram kominn á þeirri jörð, en hafði hann skapað sér óvild fjöldans, eftir að hafa safnað að sér miklum auði á þeirri framlífs jörð og ekki hagað sér vel.

Og lærði ég að fyrirgefa í framhaldinu og stefna á sjálfstæði og menntun og annars konar lífssýn, og hef ég þannig breytt lífi mínu í framlífi mínu og ekki verið háð þeim mönnum sem þá höfðu áhrif á mig, og einnig sinnt fræðastörfum hér á þessari framlífs jörð og þeim tveimur sem voru þar á undan.

En það eru fjölmargir sem upplifa sig vanmáttuga eins og við gerðum á framlífs jörð minni, gömlu jörðinni ykkar, og hefur það verið áhugamál mitt að koma þeim til hjálpar, og hef ég sinnt réttinda málum hér í framlífi.

Var ég uppi á sextánda öld og hef ég lifað á fjölmörgum framlífs jörðum, næ ég ekki að koma með föður nafn mitt, en heiti ég Guðrún Íslensk kona á sextánda öld.

Já, takk fyrir, vil ég nú kveðja ykkur að sinni og þakka fyrir, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir og vertu sæl og blessuð.